

## REGLUR

### um endurgreiðslu söluskatts til erlendra ferðamanna.

#### 1. gr.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt til erlendra ferðamanna af varningi sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglna þessara. Endurgreiða skal 60–75% greidds söluskatts eftir verði varnings samkvæmt töflu þeirri sem er að finna á fylgiskjali með reglum þessum.

#### 2. gr.

Samkvæmt reglum þessum er einungis heimilt að endurgreiða söluskatt til ferðamanna með erlent ríkisfang og erlenda heimilisfesti. Til sönnunar ríkisfangi skal leggja fram vegabréf. Útlendingar með fasta búsetu hérlendis eiga ekki rétt á endurgreiðslum samkvæmt reglum þessum.

#### 3. gr.

Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan 30 daga frá því að kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum töllyfirvöld við brottför.

Til þess að endurgreiðsla samkvæmt reglum þessum fái stund að uppfylla öll eftirtalinna skilyrða:

- Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan mánaðar frá því að kaupin voru gerð.
- Kaupverð vörunnar nemi minnst 3 000 kr. með söluskatti.
- Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af vörum á einum og sama vörureikningi sé kaupverð þeirra samtals 3 000 kr. eða meira ásamt söluskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð.

#### 4. gr.

Við sölu skal fylla út endurgreiðsluávisun þar sem fram komi eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og heimilisfang seljanda.
- Dagsetning er kaup gerast.
- Vörutegund og magn.
- Verð vörunnar með söluskatti.
- Fjárhæð sem óskast endurgreidd.
- Nafn, heimilisfang og vegabréfsnúmer kaupanda.

Seljandi skal fylla út liði a–e en kaupandi lið f. Frumrit ávisunarinnar þannig útfylltrar skal afhenda kaupanda. Búa skal um vöruna í lokuðum og innsigliðum umbúðum.

## 5. gr.

Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli annast endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík skal kaupandi framvísa varningi í innsigliðum umbúðum og endurgreiðsluávísun í Fríhöfninni er leysir hana til sín í íslenskum peningum enda séu skilyrði regna þessara að öðru leyti uppfyllt.

Við brottför annars staðar frá landinu skal varningi í innsigliðum umbúðum framvísað við tollgæsluna sem ganga skal úr skugga um hvort skilyrði endurgreiðslu séu fyrir hendi. Séu öll skilyrði uppfyllt skal tollgæslan staðfesta það með áritun sinni á ávísunina. Kaupandi skal innan þriggja mánaða frá staðfestingu tolyfirvalda send Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli ávísunina, sem þá mun senda kaupanda endurgreiðsluna í erlendum gjaldeyri.

## 6. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 22. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1988.

*Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1988.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

**Fylgiskjal:**

**Tafla vegna endurgreiðslu söluskatts 1. október 1988.**

Sölu- upphæð	Endur- greiðsla	Sölu- upphæð	Endur- greiðsla	Sölu- upphæð	Endur- greiðsla
3000- 3500	450	15501-16000	2250	28001-28500	3900
3501- 4000	550	16001-16500	2300	28501-29000	4000
4001- 4500	600	16501-17000	2400	29001-29500	4100
4501- 5000	700	17001-17500	2450	29501-30000	4200
5001- 5500	750	17501-18000	2500	30001-30500	4300
5501- 6000	800	18001-18500	2550	30501-31000	4400
6001- 6500	900	18501-19000	2600	31001-31500	4500
6501- 7000	950	19001-19500	2700	31501-32000	4600
7001- 7500	1000	19501-20000	2800	32001-32500	4700
7501- 8000	1050	20001-20500	2900	32501-33000	4750
8001- 8500	1100	20501-21000	3000	33001-33500	4800
8501- 9000	1200	21001-21500	3050	33501-34000	4850
9001- 9500	1300	21501-22000	3100	34001-34500	4900
9501-10000	1400	22001-22500	3150	34501-35000	5000
10001-10500	1500	22501-23000	3200	35001-35500	5100
10501-11000	1550	23001-23500	3250	35501-36000	5200
11001-11500	1600	23501-24000	3300	36001-36500	5300
11501-12000	1650	24001-24500	3350	36501-37000	5400
12001-12500	1750	24501-25000	3400	37001-37500	5500
12501-13000	1850	25001-25500	3450	37501-38000	5600
13001-13500	1900	25501-26000	3500	38001-38500	5700
13501-14000	1950	26001-26500	3550	38501-39000	5800
14001-14500	2000	26501-27000	3600	39001-39500	5900
14501-15000	2100	27001-27500	3700	39501-40000	6000
15001-15500	2200	27501-28000	3800		

Söluupphæð yfir 40 000: Endurgreiðsla 15% af söluupphæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum hundruðum króna.

**Endurprentað blað.**